

Nefndasvið alþingis

Austurstrætis 8-10

101 Reykjavík

Reykjavík, 21. apríl 2021



Bindindissamtökin IOGT á Íslandi fagna tillögu heilbrigðisráðherra til þingsályktunar um lýðheilsustefnu til ársins 2030.

IOGT á Íslandi lýsir yfir ánægju með þær áherslur á forvarnir, lýðheilsu og heilsueflingu sem eru í tillögunni og sérstaklega að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum með þátttöku samfélagsins í heild sinni. IOGT á Íslandi minnir á að frjáls félagasamtök eru virkur þáttur í forvörnum og skjót leið til að koma skýrum skilaboðum út í samfélagið.

IOGT á Íslandi fagnar því að leiðarljósið er að heilsuefling og forvarnir verði hluti af allri þjónustu innan heilbrigðiskerfisins. Með henni er skerpt á hlutverki stjórnvalda og þá ekki síst heilbrigðiskerfisins hvað varðar heilsueflingu og forvarnir og er mikilvæg viðbót við fyrirbyggjandi lýðheilstefnu frá árinu 2016. Framboð, aðgengi og gæði heilbrigðisþjónustu skiptir miklu máli en er aðeins hluti af þeim áhrifaþáttum heilbrigðis sem vega þar hvað þyngst. Almannaheillasamtök eru líka mikilvægur þáttur í lýðheilsu. Niðurstöður rannsókna frá Rannsóknnum og greiningu hafa sýnt að forvarnargildi skipulegs tómtunda og íþróttastarfs er mikið og er það ekki aðeins hreyfingin sem slík sem hefur forvarnargildi heldur félagslífið, gildin og að tilheyra hópi sem skiptir sköpum.

Það er mikilvægt að vinna heildarstefnuna með þriðja geiranum, Almannaheillasamtökum þar sem er gríðarleg reynsla og þekking á lýðheilsuþáttum.

Það er markmið IOGT á Íslandi að draga úr framboði áfengis og annara vímuefna, draga úr eftirspurn eftir áfengi og öðrum vímuefnum og Lágmarka skaðann af neyslu áfengis og annara vímuefna.

Aðalsteinn Gunnarsson

Framkvæmdastjóri

IOGT á Íslandi